# Original Natural Matt Interior

## Þiljulakkbæs

### Efnislýsing

Original Natural Matt Interior er almattur vatnsþynnanlegur lakkbæs til notkunar á viðarfleti innanhúss. Efnið dregur fram náttúrulegt útlit viðarins, er frábært í vinnslu og hefur einstaklega fallega og jafna áferð. Lita má efnið í fjölda lita eða nota það ólitað.

Original Natural Matt Interior er ætlað á furu og greni, t.d. á lofta- og veggjaþiljur, hurðir, lista og karma o.fl., bæði við ný- og endurmálum. Við framleiðslu efnisins er notuð sk. „Nutri Protect Technology" til að efnið þrengi sig betur inn í viðinn og skapi sterkan verndarhjúp. Innbyggð UV sólarvörn dregur úr gulnun viðarins. Ekki þarf að glærlakka yfir lakkbæsinn.




### Meðhöndlun

1. Ómeðhöndlaður viður skal vera hreinn og laus við óhreinindi.
2. Hrærið vel í efninu fyrir notkun og meðan á notkun stendur. Munið að bera jafnt á flötinn, eina fjöl í einu, langsum.
3. Mælt er með 1-3 umferðum af efninu á beran, slípaðan við. Athugið að liturinn ýkist með hverri umferð og hulan eykst.
4. Strjúkið létt yfir flötinn með sandpappír eftir fyrstu umferð til að fjarlægja hugsanlegt ýfingu/ris viðartrefja.
5. Viður sem þegar hefur verið borið á skal þvo með Original Målartvätt og mattslípa. Berið 1-2 umferðir af efninu á viðinn.
6. Á nýheflaðan við má bera mjög þunnt lag af efni með pensli eða þurrka umframefnið af með tusku ef sóst er eftir ljósara yfirborði með meira viðaryfirbragði.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Akrýl/Alkýð
**Gljástig:** Almatt <4%
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 2 klst
**Yfirmálun:** 4 klst
**Hitastig við málun:** Minnst +5°C, mest 25°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn, mest 10%
**Staðlaðir litir:** Glær
**Verkfæri:** Penslar, málningarsprautur (nauðsynlegt er að pensla út eftir sprautun)
**Þekja:** 15-20 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1, 2,5 og 10 lítra dósir
**Hreinsun:** Vatn
**Geymsla:** Í frostfríu, svölu og þurru rými
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** Hámarksgildi fyrir þessa vöru er (fl. A/e) 130 g/l. Varan inniheldur mest 35 g/l

Endurskoðað júní 2024